

Reykjavík 28. maí 2018



Halló.

Ég heiti Atli Svavarsson og er 11 ára gamall. Ég bý í Reykjavík á Íslandi. Skólinn minn heitir Laugarnesskóli og ég er í 5.N. Pabbi minn heitir Svavar og mamma mín heitir Hugrún Dögg. Ég á ekkert gæludýr, því miður. Ég má það ekki af því að pabbi er með ofnæmi og húsið okkar er mjög lítið.

Þar sem þú ert að lesa bréfið mitt þá ert þú mjög heppin(n). Þetta er nefnilega merkilegasta flöskuskeyti sem hægt er að finna. Inni í flöskuskeytinu er tæki sem sendir merki út í geim þar sem gervihnöttur tekur á móti því og segir þeim sem vilja hvar flöskuskeytið er búið að sigla. Kannski í langan tíma. Ég veit það ekki ennþá. Verkfræðistofan Verkís hannaði og smíðaði flöskuskeytið og ætlar þannig að hjálpa mér að koma skilaboðunum mínum á framfæri.

Árið 2017 stofnaði ég verkefnið mitt #savetheworld. Verkefnið mitt er að fara út og tína rusl úr náttúrunni. Ég og pabbi vorum að horfa á þátt í sjónvarpinu þar sem Ævar vísindamaður sagði að ef allir legðu sitt að mörkum þá væri hægt að bjarga heiminum. Þess vegna heitir verkefnið mitt þessu nafni.

Ég, pabbi og mamma förum alltaf reglulega að tína rusl. Ég tíni líka rusl þegar ég labba heim úr skólanum. Það er mikið af rusli sem þarf að tína upp sem er leiðinlegt af því að plastið fýkur í sjóinn. Fiskar, fuglar og hvalir borða plastið og dýrin geta dáíð. Ég hef séð myndir af dánnum hvölum og fuglum sem er hræðilegt.

Mér finnst mjög gaman að fara og hreinsa náttúruna af því að þegar ég er búinn þá líður mér vel í hjartanu. Náttúran á að vera hrein og falleg og það er ekkert erfitt fyrir fullorðið fólk að henda ekki rusli. Eða að tína það upp. Það er ekki svo erfitt að setja þetta bara í ruslatunnuna. Fullorðið fólk segir okkur börnunum að gera alls konar hluti – eins og að taka til í herberginu okkar. Af hverju getur fullorðið fólk þá ekki farið vel með náttúruna og haft hana hreina. Það finnst mér mjög skrítið.

Ég bið að heilsa öllum sem þú þekkir. Ég vona að þú hjálpir mér að tína rusl og bjarga heiminum.

Sjáumst!

Atli Svavarsson, 11 ára

Reykjavik May 28th, 2018



Hello.

My name is Atli Svavarsson and I'm 11 years old boy.

I live in Reykjavík, the capital of Iceland. My school's name is Laugarnesskoli and I'm in 5th grade. My dad's name is Svavar and my mom's name is Hugrún Dögg. Unfortunately, my dad is allergic to pets so I'm not allowed to have one since we live in a very small house.

Since you are reading my letter, you are very lucky. This is the most remarkable message in a bottle that can be found in the world. In this bottle is a device that sends a signal into the space where a satellite receives it. This signal tells the people, who are following this bottle, about the journey this bottle is taking around the oceans, perhaps for a long time. I don't know yet.

In the year 2017 I founded my #savetheworld project. It is about going out and pick up trash

from the nature. Me and my dad were watching a TV Show called Ævar the Scientist. He said that if everyone would go out and do some picking we could save the world. And that is how I found a name for my project.

I often go out with my mom and dad to pick up trash. I also pick up trash when I walk home from school. There is a lot of trash that needs to be picked up. I think it's sad because the plastic winds up in our oceans. Fishes, birds and the whales are eating the plastic and the animals can die. I have seen pictures of dead whales and birds and that is terrible.

I like to go out and clean the nature because when I'm done, I feel it in my heart that I did a good job. The nature should be clean and beautiful and it's not a problem for adults to stop throwing away trash. Or picking it up. It's not so hard to put it in the trash can. Adults tell the children, to do all sorts of things – like cleaning up our rooms. Why can't adults just enjoy the nature and keep it clean? I think that is a bit strange.

Greetings to everyone you know. I hope you'll help me picking up trash and save the world.

See you later!

Atli Svavarsson, 11 years.